

Stjórn sveitarfélaga

Sveitarfélag er stjórnarsýslueining, hinn staðbundni hluti af framkvæmdavaldinu. Það er mikilvægur framkvæmdaraðili opinberrar þjónustu á afmörkuðum svæðum. Þeim er stýrt af sveitarstjórnnum sem kosið er til á fjögurra ára fresti.

Í sveitarstjórnarlögum er mælt fyrir um fjölda sveitarstjórnarmanna eftir fjölda íbúa. Ef sveitarfélögin í A-Hún sameinast í eitt mun það sveitarfélag líklega verða með sjö aðalmenn í sveitarstjórn og sjö varamenn, en samkvæmt lögum ættu þeir að vera 5 - 7. Það er mikil fækkun sveitarstjórnarmanna í héraði frá því sem nú er, en þeir eru nú alls 24. Þó má ætla að fleiri gætu komið að stjórn sveitarfélagsins þar sem miklar breytingar yrðu á stjórnarsýslu þess og nefndir tækju t.d. við verkefnum byggðasamlaga. Sveitarstjórn kýs í nefndir.

Mikilvægasta verkefni sveitarstjórna er stefnumótun fyrir sveitarfélagið, þar með talin gerð fjárhagsáætlunar næstkomandi árs og til fjögurra ára.

Stjórn sveitarfélags, og þ.m.t. fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn og nefndakerfi þess, er ákveðin í samþykktum sveitarfélagsins. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið auglýsir fyrirmynd að slíku fyrir sveitarfélögin að hafa til hliðsjónar.

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/samthykkir-um-stjorn-og-fundarskop/>

Flestar sveitarstjórnir ráða sér framkvæmdastjóra sem kallast sveitarstjóri, bæjarstjóri eða borgarstjóri, í Reykjavík eingöngu þó. Sveitarstjóri er í framkvæmdastjórn sveitarfélags og er jafnframt æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins. Stundum er sveitarstjóri jafnframt kjötinn fulltrúi. Sveitarstjóri á að sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér síðan um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og nefnda komist til framkvæmda.